

Netvinir Siggu

NAFN

DAGSETNING

Aðstæður 1

Sigga er nemandi í 5. bekk og er frekar feimin að kynnast nýju fólki. Í náttúrufræðitíma er verkefni þar sem hver nemandi á að nota myndspjall með nemanda í skóla í Jaipur á Indlandi, sem er hinum megin á hnettinum. Þar eru jafn gamlir nemendur að gera alveg eins verkefni.

Sigga á að spjalla við stelpu sem heitir Kaia. Sigga er mjög stressuð og veltir fyrir sér hvort þær eigi nokkuð eitthvað sameiginlegt til að tala um. Þegar þær svo byrja að spjalla þá finnur Sigga fljótt að Kaia er mjög indæl og þær eiga margt sameiginlegt. Til dæmis þá eru þær báðar á Instagram.

Sigga er líka spennt að tala við Kaiu af því að foreldrar Siggu eru frá Indlandi, og Sigga hefur alltaf langað að vita meira um hvernig það er að búa þar. Í lokin á myndspjallinu, þá spyr Kaia Siggu hvort þær eigi að vera vinir á Instagram. Sigga brosir og segir „Auðvitað!“

Aðstæður 2

Sigga fær skilaboð á símann sinn frá vini sínum CJcool11. Hún þekkir ekki raunverulegt nafn eða aldur á CJcool11, en þau eða þær eru búin að vera vinir á netinu í nokkra mánuði.

Þau „hittust“ þegar CJcool11 skrifaði athugasemd við mynd á Instagram, mynd af Pipar, hundinum hennar Siggu. Hún svaraði til baka og þau deildu nokkrum myndum sögum um hundana sína.

Núna tala þau oft saman á netinu. Þegar hún deilir vandamáli eða einhverju sem hún hefur upplifað í skólanum, þá kemur CJcool11 alltaf með gott ráð til þess að leysa vandann.

Í dag sendi, CJcool11 skilaboð þar sem stóð: „Nágranninn minn er svo pirrandi, hann þrífur aldrei upp skítinn eftir hundinn sinn.“ Sigga svarar: „Það er ógeðslegt. Allir sem búa í minni götu þrifa upp eftir sína hunda.“ Eftir smástund svarar CJcool11 til baka „Í alvöru? Í hvaða götu býrðu?“

Sigga hikar. Þessi spurning lætur henni líða óþægilega.

Netvinir Siggú

NAFN

DAGSETNING

Venn mynd

...með Kaiu

Hvað eiga þessi vinir Siggú
sameiginlegt?

...með CJcool11



SAMBÖND OG SAMSKIPTI

**Víð þekkjum mátt
orða og athafna.**

commonsense.org/education

Shareable with attribution for noncommercial use. Remixing is permitted.

